

Nr. 092 / 15 Valdimar GK 195***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2354 IMO nr. 8302117
Smíðaður: Noregur 1982, stál
Stærð: 344,33 brl. 569,0 bt.
Mesta lengd: 41,36 m Skráð lengd: 38,0 m
Breidd: 8,5 m Dýpt: 6,55 m
Vél: Callesen 508 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 14



Valdimar ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 14. nóvember 2014 var Valdimar GK 195 á línuveiðum suður af landinu. Veður: ASA 13 m/s og ölduhæð 1,5m.

Skipverji var við vinnu í lest við móttöku á afla. Hann var í móttökukari við að ýta fiskirennu saman þegar hann féll ofan í kar og slasaðist á vinstri öxl.

Við rannsókn kom fram:

- að móttökukarið var í þriðju karahæð;
- að sögn slasaða var fiskirennan af gamalli gerð og eina sinnar tegundar um borð. Hún var um 40 kg og í tveimur hlutum;
- að fiskirennan stóð á sér þegar hann var að vinna verkið en slasaði taldi að sennilega hefði hann rekið sig í rofann fyrri færibaldið sem fór í gang. Við það runnu nokkrir fiskar niður rennuna sem þá rann snögglega saman með þeim afleiðingum að hann féll fram fyrir sig niður í kar í annarri karahæð;
- að sögn skipstjóra var eftir atvikið sett ný fiskirenna sem hægt er að renna sundur og saman á auðveldan hátt;
- að slasaði var í góðum stígvélum af Dunlop gerð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.